

Sp.

83. Tillaga til þingsályktunar

um verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Hermann Jónasson, Sigurður Þórðarson,
Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði verðuppbót á útflutt dillkajöt af framleiðslu ársins 1942, eftir því sem þörf gerist, til þess að útflytjendur fái sama verð fyrir það kjöt, komið i skip á útflutningshöfn, eins og heildsöluverðið er á kjöti á innanlandsmarkaði á sama tíma. Enn fremur að greiða verðuppbætur á ull og gærur, sem framleiddar eru til útflutnings árið 1942, og miðist verðuppbæturnar við það, að framleiðendur fái ekki lægra verð hlutfallslega fyrir þessar afurðir en þeir fengu fyrir þær árið 1940, miðað við verðlagsvísitölu beggja árana, að viðbætti uppbót, er svarar til þeirrar almennu grunnkaupshækkunar, sem orðið hefur og verða kann hjá launafólki í landinu á árinu 1942.

Greinargerð.

Þó að sú yrði raunin á, að öll kjötframleiðsla ársins 1941 seldist hér innan lands, er mjög hæpið að gera ráð fyrir, að svo fari um framleiðslu ársins 1942, og má búast við, að nokkurn hluta kjötsins verði að selja á erlendan markað, fyrir miklu lægra verð en nemur framleiðslukostnaði hér á landi og innanlandsverði.

Nú er komið að þeim tíma, að ákveða verður söluverð á kindakjötsframleiðslu þessa árs. En við þá ákvörðun er óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir því, á hvern hátt verður hagað verðuppbótum á útflutta kjötið. Er þá um tvennt að velja, mikla hækkun á verðjöfnunargjaldinu, ef verðjöfnunin er framkvæmd á þann hátt, og þá að sama skapi hækkað verð á innlendum markaði, eða hitt, sem hér er lagt til, að ríkið borgi verðmuninn á útflutningskjötinu og því, sem selt er innan lands, og er þá hægt að komast hjá því að hækka innlenda söluverðið sem því nemur.

Þá virðist einnig nauðsynlegt að ákveða verð á ull og gærum samhliða kjötverðinu. Þær vörur eru svo stór liður i heildartekjum bænda, að ekki er unnt að ganga alveg fram hjá verði þeirra, þegar kjötverðið er ákveðið. Því lægra verð, sem á vörum þessum er, því óhjákvæmilegri nauðsyn verður fyrir bændur að nota þá miklu kaupgetu, sem nú er í landinu, til þess að tryggja sér viðunandi tekjur með hækkun á kjötverðinu. Er því óumflýjanlegt, að Alþingi það, er nú situr, taki einnig ákvörðun um verðuppbætur á þessar vörur. Hér er því lagt til, að ríkið greiði verðuppbætur á ull og gærur af framleiðslu þessa árs, á sama hátt og ákveðið var á síðasta þingi um framleiðslu ársins 1941, að viðbætti uppbót, sem svarar til þeirrar almennu grunnkaupshækkunar, sem orðið hefur og verða kann á þessu ári hjá verkafólki og öðrum launamönnum í landinu. Það er kunnugt, að á þessu ári hefur orðið meiri hækkun á kaupgjaldi við landbúnaðarstörf, bæði kaupafólks og vetrarmanna, en sem nemur hækkun verðlagsvísitölunnar, en þetta háa kaupgjald verða bændur að greiða af tekjum sínum á árinu 1942. Einnig eru horfur á, að á þessu ári verði almenn hækkun á grunnkaupi launþega í landinu, og verður þá ekki hjá því komizt, að bændur fái svipaða hækkun á tekjum sínum með hækkuðu afurðaverði.

Það virðist sjálfsagt, að ríkið taki á sig að jafna á þennan hátt þann mikla mun, sem orðið hefur á aðstöðu atvinnuveganna af völdum stríðsins, þar sem útflutningsmarkaðir landbúnaðarins hafa að mestu lokazt, á sama tíma sem ýmsar aðrar atvinnugreinar veita meiri gróða en dæmi eru til áður.